

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafirði 6. apríl 2020.

Komdu sæll.

Stjórn Kirkjugarða Ísafjarðar óskar eftir því að sveitarfélagið Ísafjarðarbær leggi kirkjugarðinum á Réttarholti í Engidal til tvær landspildur svo stækka megi kirkjugarðinn. Tillaga þessa efnis verður borin upp á aðalsafnaðarfundi nú í vor. Í sumarbyrjun er von á framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs ásamt aðstoðarmanni hingað vestur og munu þeir leiðbeina okkur varðandi undirbúning stækkunar.

Vísað er til bréfa, sem áður hafa verið send skipulagsyfirvöldum í Ísafjarðarbæ með beiðni um stækkun.

Forsaga þessa máls er sú að árið 1960 var Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt fenginn til að skipuleggja kirkjugarð að Réttarholti í Engidal. Afrit af uppdrætti hans fylgir með þessu bréfi. Reynir skipuleggur fyrsta áfanga garðsins og gerir þar ráð fyrir rúmum 1000 grafstæðum. Áætlað er að þessi hluti kirkjugarðsins geti dugað í ein 35 ár. Líkt og sjá má á uppdrætti Reynis þá gerir hann ráð fyrir að kirkjugarðurinn verði stækkaður til suðurs en síðan til vesturs. Óskað er eftir að Ísafjarðarbær leggi til þessar tvær landspildur, það er að segja að malarnáminu, sem er fyrir sunnan þessar spildur. Syðri reiturinn mun í dag vera 4500 fermetrar að stærð.

Fyrsta gröfin í Réttarholtskirkjugarði var tekin árið 1974 eða fyrir tæpri hálfri öld síðan. Nú er svo komið að kirkjugarðurinn er að fyllast. Verður ekki vikist undan því að stækka garðinn. Viljum við nota sumarið til að planta trjám syðst í syðri reitinn til að búa þar til skjólgjarð. Sumarið 2021 yrðu síðan lagðar út götur í syðri reitnum.

Vestari reiturinn, sem er nær fjallinu og mun stærri, þarfnast hins vegar meiri undirbúningsvinnu. Þar þarf að fara í jarðvegsvinnu og slétta landið. Yrði það gert þegar búið er að taka syðri partinn í notkun.

Með kærri kveðju.

Magnús Erlingsson

Magnús Erlingsson, sóknarprestur.